

Breytingartillögur

við frv. til 1. um breyting á lögum um virðisaukaskatt.

1. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 3. gr. er orðist svo:
Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 3. tölul. 4. gr. kemur: 220.000 kr.
2. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 6. gr. er orðist svo:
Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 7. mgr. 20. gr. kemur: 6.000 kr.
3. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 7. gr. er orðist svo:
Í stað fjárhæðarinnar „600.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. kemur: 1.400.000 kr.
4. Í stað orðanna „skv. 1., 2. og 4. mgr. 42. gr.“ í 6. gr. frumvarpsins kemur: skv. 1., 3. og 4. mgr. 42. gr.
5. 10. gr. frumvarpsins fellur brott.
6. 12. gr. frumvarpsins orðist svo: 45. gr. laganna fellur brott.

Í fyrstu þremur töluliðunum eru lagðar til breytingar sem allar eru af sama toga. Breytingin lýtur að því að þær fjárhæðir sem eru fyrir í lögum verði lögbundnar. Í framtíðinni verður það því hlutverk löggjafans að ákveða hækkun fjárhæðanna í stað þess að lögin kveði á um vísitölubundna hækkun. Til þess að gera þessa breytingu mögulega hafa fjárhæðirnar verið hækkaðar til samræmis við þær hækkanir sem orðið hafa vegna vísitöluhækkana í gegnum árin.

Í 4. tölul. er verið að leiðrétta prentvillu. Í frumvarpinu er vísað til 2. mgr. 42. gr. en átti að vera 3. mgr. 42. gr.

Í 5. tölul. er lagt til að 10 gr. frumvarpsins falli brott. Breyting sú sem lögð var til í ákvæðinu hefur þegar verið gerð með lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi.

Í 6. tölul. er svo lagt til að 45. gr. laganna verði felld brott þar sem gert er ráð fyrir að allar fjárhæðir í lögum verði lögbundnar eins og fram hefur komið. Í 45. gr. er kveðið á um vísitöluhækkanir.